

lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með fulltrúatölunni. Þegar kjörseðlabunkarnir eru þannig upplesnir, skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Hafi sami maður fengið atkvæði á fleiri en einum lista, sem til greina kemur eftir atkvæðamagni, þá skal leggja hinar lægri atkvæðatölur hans við atkvæðatölu þá, er hann hefir fengið á þeim lista, er hann hefur mest á, og telst sú samanlagða atkvæðatala honum þar að fullu, en nafn hans strikast út af hinum listunum. Þeir, sem hæstar hafa atkvæðatölur, eru kosnir svo margir af hverjum lista, sem honum ber samkvæmt því er áður greinir. Lýsir kjörstjórn þá kosna í þeirri röð, sem upphæð útkomutalnanna til segir.

Ef jöfn verða atkvæði lista eða fulltrúaefna, og úr þarf að skera, skal hlutkesti ráða. Kjörstjórnin varpar hlutkesti á þann hátt, að hún ritar bókstaf þeirra lista eða nöfn þeirra fulltrúaefna, sem jöfn atkvæði hafa, á jafnstóra seðla, lætur seðlana samanbrotna í hylki, sem yfir er breitt, og kveður til einhvern óviðkomandi mann að draga einn seðil úr hylkinu. Sá seðill, er dreginn er, segir þá til, hvern taka skal.

7. gr.

Í stað 12. gr. laganna komi svo látandi grein:

Þegar lög þessi öðlast staðfesting, skal færa viðauka þá og breytingar á bæjarstjórnarkosningalögum frá 10. nóvember 1903, sem í lögum þessum eru ákveðnar, inn í meginmál þeirra; getur þá konungur gefið lögin, þannig breytt, út sem »Lög um kosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum«, og öðlast þau gildi 1. janúar 1914 í stað nefndra laga.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 20. október 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

L ö g

um kosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum.

Nr. 20.
20.
október.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt 7. grein laga 20. október 1913 um breyting á lögum Nr. 39 10 nóv. 1903 um leynilegar kosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum höfum látið færa viðauka þá og breytingar, sem ákveðnar eru í fyrnefndum lögum 20. okt. 1913 inn í meginmál kosningalaganna frá 1903 og gefum þau hjermeð út sem

Lög um kosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum.

1. gr.

Kosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum skulu vera leynilegar, og hlutfallskosningar, og skulu þær fram fara á þann hátt, er segir í eftirfarandi greinum.

Nr. 20.
20.
október.

2. gr.

Kosningin fer fram eftir listum, sem á eru skráð nöfn þeirra manna, er stungið er upp á til fulltrúa. Listar þessir skulu afhentir oddvita kjörstjórnarinnar fyrir hádegi tveim sólarhringum á undan kosningu, og skulu undir hvern lista hafa ritað eigi færri en 5 og ekki fleiri en 15 kjósendur sem meðmælendur; skulu þeir greina við nöfn sín stöðu sína og bústað.

Komi meðmælandi sá, sem afhendir listann, með eftirrit af honum, á hann heimtingu á að fá á það ritað vottorð oddvita um, að hann hafi fengið listann og hvenær.

Gildur er listi, þótt á honum standi færri nöfn en kjósa á fulltrúa, en standi á honum fleiri nöfn, er hann ógildur. Nafn hvers manns, er upp á er stungið, skal vera svo greinilega letrað, með fullu nafni, stöðu og bústað, að enginn vafi sje á, hver hann er, eða hægt sje að villast á honum og öðrum kjörgengum manni. Nú er einhver þeirra, er á lista standa, ekki kjörgengur, eða nafn hans er svo ógreinilegt, að kjörstjórnin getur ekki vitað við hvern er átt, og skal þá strika nafn hans af listanum.

Þegar kjörstjórn þykir ástæða til að álíta einhvern lista ógildan, eða strika nafn af lista, skal það gert með úskurði, er færður sje í kjörbókina. Eftirrit af úrskurðinum skal, áður en kosningin byrjar, fengið þeim meðmælenda, sem afhent hefur listann.

Þeir listar, er kjörstjórn tekur gilda, skulu merktir hver með sínum bókstaf (A. B. C. o. s. frv.).

3. gr.

Sje eigi stungið upp á fleiri fulltrúaefnum á listum, sem gildir eru metnir, en kjósa skal bæjarfulltrúa, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórn, að liðnu hádegi 2 nóttum fyrir kjörfundardag, þá menn kosna, sem löglega hefir verið upp á stungið.

Sjeu aftur á móti fulltrúaefni á framkomnum, gildum listum fleiri samtals en kjósa skal fulltrúa, skal kjörstjórnin tafarlaust láta fullgjöra kjörseðla fyrir kaupstaðinn og gera almenningi kunnugt með uppfestum auglýsingum, hverjir listar sjeu í kjöri, að tilgreindum nöfnum fulltrúaefna og bókstaf hvers lista.

Á kjörseðli skulu allir listar, er gildir hafa verið metnir, skráðir þannig, að öðrumegin á hæfilega stóru pappírsblaði sjeu prentuð út af fyrir sig, hvert niður af öðru í óbreyttri röð, nöfn fulltrúaefnanna á hverjum lista, hver nafnaröð undir sínum bókstaf, og skulu vera feit og skýr langstrik til aðgreiningar milli listanna. Listarnir skulu skráðir á blaðið, hver við annars hlið, eftir stafrófsröð bókstafa sinna og nöfn fulltrúaefnanna á hverjum lista aðgreind með þverstrikum; hæfilegt bil fyrir skrifaðan tölustaf skal vera fyrir framan hvert nafn innan þessa striks, sem takmarkar listann. Eigi tvö eða fleiri fulltrúaefni að öllu samnefnt, skal einkenna þau til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu. Á kjörseðli skal vera fyrirsögn: »Kjörseðill fyrir bæjarstjórnarkosning í N.-kaupstað .. d. mán 19 ..«, en að öðru leyti ekkert annað á kjörseðli letrað, en það sem að ofan greinir.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum og þykkum pappír. Þeir skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig, að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje að leggja þá aftur í sama brot, er þeir eru notaðir.

4. gr.

Bæjarstjórnin sjer um að atkvæðakassi og kjörherbergi sjeu til, og skal kjörherbergi vera þannig lagað:

Það skal vera áfast húsi því, er kosningin fer fram í, þannig, að eigi verði í það gengið nema úr því húsi. Tjald skal vera fest fyrir gluggum, er vera kynnu á herberginu, svo að ekki verði inn þangað sjeð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann,

að eigi sje auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Her-
bergið skal vera svo bjart, að hægt sje að lesa skrifað mál þar inni. Í því skal vera borð
og hæfilega margir almennir svartir blýantar. Nr. 20.
20.
október.

Atkvæðakassi skal vera lokaður og þannig lagaður, að engum kjörseðli verði
úr honum náð, nema hann sje opnaður.

5. gr.

Frá því er kosningargjörðin hefst, skulu listar með nöfnum fulltrúaefna upp-
festir á kjörstaðnum, þar sem mikið ber á. Þeir skulu vera prentaðir eða skrifaðir
greinilega, og táknadir með bókstöfum sínum. Þar skal og vera uppfest prentuð leið-
beining fyrir kjósendur, sem hefur inni að halda öll hin verulegustu ákvæði þessara laga.

6. gr.

Kosningarathöfnin hefst þannig, að oddviti skýrir frá, hverjir sjeu í kjörstjórn-
inni, hve marga eigi að kjósa í bæjarstjórn, og hverja lista hann hafi fengið samkvæmt
2. gr.; hann sýnir atkvæðakassann, svo að það sjáist, að hann er tómur, og lokar honum
síðan. Án leyfis kjörstjórnar mega ekki vera í kosningarstofunni með henni aðrir en
fulltrúaefnin og 2 meðmælendur fyrir hvern lista, svo og hæfilega margir kjósendur, er
koma og fara.

Heimilt er bæjarstjórn að skifta kjósendum í deildir, enda skipar hún þá undir-
kjörstjórn fyrir hverja deild, og hefir hver þeirra sinn atkvæðakassa og kjörklefa.

Kjósendur koma fram og kjósa í þeirri röð, er þeim sjálfum lízt, og eftir því,
sem þeir komast að. Þá er kjörstjórnin hefur kannast við manninn og sannfært sig um,
að hann hafi kosningarrjett, afhendir hún kjósenda kjörseðil. Fer kjósandi með hann
inn í kjörklefann (kjörherbergið) að borði því, er þar stendur, og gerir þar kross við
bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill atkvæði gefa. Vilji hann breyta nafna-
röðinni á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn,
sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað
í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja o. s. frv. Sje eitthvert
nafn, er hann getur eigi felt sig við á lista þeim, er hann kys, má hann strika það út, og
telst það þá eigi með við samtaling atkvæðanna. Krossinn við listabókstafinn, tölu-
stafina við nöfnin og útstrikun nafns, ef hann vill útstrika, skal hann gera með blýanti,
sem kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan brýtur kjósandi seðilinn saman í sömu
brot, sem hann var í, er hann tók við honum; gengur hann síðan inn að kjörborðinu,
og stingur sjálfur seðlinum þannig samanbrotnum í atkvæðakassann, gegnum rifuna
á lokinu.

Annar meðkjörstjórinn skal hafa fyrir sjer eftirrit af kjörskránni, og gera merki
við nafn hvers kjósenda, jafnóðum og hann hefir neytt kosningarrjettar síns, en hinn
meðkjörstjórinn skal rita nöfn þeirra, er atkvæði greiða, á sjerstaka skrá með áfram-
haldandi töluröð fyrir framan hvert nafn. Enginn getur neytt kosningarrjettar, nema
hann sje sjálfur á kjörfundi og greiði atkvæði. Nú skýrir kjósandi kjörstjórn frá því,
að hann sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, er kjörstjórn telur gilda ástæðu, sje
ófær til að framkvæma kosninguna á fyrirskipaðan hátt, og skal þá maður úr kjörstjórn-
inni, sá er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum. Þetta skal
bókað í kjörbókina að tilgreindum ástæðum.

Ef kjörseðill rangmerkist eða skemmist á einhvern hátt, eftir að kjósandi tók
við honum, þá getur kjósendinn afhent kjörstjórninni skemda seðilinn og fengið í staðinn
nýjan kjörseðil, ef seðlabirgðirnar eru ekki þrotnar, enda sje ekki ástæða til að ætla,
að hann hafi ónýtt seðilinn af ásettu ráði.

Nr. 20.
20.
október.

7. gr.

Kosningargjörðin má eigi standa yfir skemur en 3 tíma, nema allir kjósendur, sem á kjörskrá eru, hafi neytt kosningarrettar. Þegar sá tími er liðinn og engir kjósendur gefa sig fram, greiðir kjörstjórnin sjálf atkvæði og lýsir því þar næst yfir, að kosningarathöfninni sje nú lokið, og má eigi eftir það taka við neinum atkvæðum.

Enginn kjósandi, er kosið hefur, skal skyldur til fyrir rjetti, í hvaða máli sem er, að skýra frá, hvern hann hafi kosið, eða hvort hann hafi greitt atkvæði með eða móti einhverju fulltrúafni.

Enginn úr kjörstjórninni eða nokkur sá, sem samkvæmt 6. gr. er staddur í kosningarstofunni, má meðan á atkvæðagreiðslu stendur gefa nokkrum kjósenda ráð, tilvísun eða áminningu um það, hvaða lista hann skuli atkvæði gefa. Enginn má heldur skýra frá því, sem hann í kosningarstofunni kann að hafa orðið áskynja um, hvort eða hvernig einhver kjósandi hefur kosið.

Brot gegn þessum ákvæðum varða fangelsi, eigi minna en viku einföldu fangelsi eða sektum, ef málsbætur eru, þó eigi undir 20 krónum.

8. gr.

Talning atkvæða fer fram í heyranda hljóði, þegar er kosningarathöfninni er lokið; oddviti kjörstjórnar opnar atkvæðakassann. Sje kjósendum skift í kjördeildir, lætur kjörstjóri atkvæðaseðlana úr atkvæðakössum deildanna óskoðaða saman í hæflega stórt tómt ílát með loki yfir, og skulu seðlarnir hristir vel saman, áður talning byrjar.

Því næst tekur oddviti upp einn og einn kjörseðil í einu, og les upp listabókstaf þann, sem krossað er við á honum; sýnir hann kjörseðlana jafnóðum viðstöddum meðmælendum og leggur þá svo frá sjer, þannig, að þeir kjörseðlar, sem eru sammerktir, sjeu í bunka sjer, en meðkjörstjórar merkja jafnótt á blað, hvað margir seðlar fari í hvern bunka.

Kjörseðill verður ógildur, ef bert verður við talning atkvæða, að kjósandi hefir sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum, bætt nafni eða nöfnum við á lista, skrifað nafn sitt á seðilinn, sett á hann strik eða rispu eða önnur slík einkenni, er gert geti seðilinn þekkjanlegan, eða notað annan seðil en kjörstjórn hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn af kjósenda, þótt krossinn vanti við listabókstafinn, ef ekki eru aðrir gallar á.

Þegar allir kjörseðlarnir eru upp teknir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu þeirra, er atkvæði hafa greitt eftir skrá þeirri, sem haldin var samkvæmt 6. gr. yfir þá, sem neyttu kosningarrettar. Ef samtölunni ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla og atkvæðaskrána, og leiðrjetta skekkjur þær, sem á kunna að hafa orðið.

9. gr.

Til þess að finna, hve mörg fulltrúafni hafa náð kosningu af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatálnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga fulltrúa á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig, að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á fulltrúa, og fær hver listi jafnmarga fulltrúa kosna, sem hann á af tölum þessum. Standi eigi svo mörg nöfn á lista, sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess að finna, hver fulltrúafni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks fulltrúafnis á þann hátt, er nú skal greina: Nr. 20.
20.
október.

Kjósandi telst una við röðina á lista, hafi hann eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og hafi hann að eins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti kjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórnar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra fulltrúafna, sem standa á þeim lista, sem auðkendum er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá meðmælendum og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórnar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði, þeir, sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sje mismunandi eftir tölu þeirra fulltrúa, sem á að kjósa, þannig, að það sje jafnt tölu fulltrúanna að frádreginni tölu þeirra fulltrúafna, sem frammar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með fulltrúatölunni. Þegar kjörseðlabunkarnir eru þannig upplesnir, skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Hafi sami maður fengið atkvæði á fleirum en einum lista, sem til greina kemur eftir atkvæðamagni, þá skal leggja hinar lægri atkvæðatölur hans við atkvæðatölu þá, er hann hefur fengið á þeim lista, er hann hefur mest á, og telst sú samanlagða atkvæðatala honum þar að fullu, en nafn hans strikast út af hinum listunum. Þeir, sem hæstar hafa atkvæðatölur, eru kosnir, svo margir af hverjum lista, sem honum ber samkvæmt því er áður greinir. Lýsir kjörstjórn þá kosna í þeirri röð, sem upphæð útkomutalnanna til segir.

Ef jöfn verða atkvæði lista eða fulltrúafna, og úr þarf að skera, skal hlutkesti ráða. Kjörstjórnin varpar hlutkesti á þann hátt, að hún ritar bókstaf þeirra lista eða nöfn þeirra fulltrúafna, sem jöfn atkvæði hafa, á jafnstóra seðla, lætur seðlana samanbrotna í hylki, sem yfir er breitt, og kveður til einhvern óviðkomandi mann að draga einn seðil úr hylkinu. Sá seðill, er dreginn er, segir þá til, hvern taka skal.

10. gr.

Þegar einungis á að velja einn fulltrúa, er hann kosinn með meirihlutakosningu, en að öðru leyti eftir framanskráðum reglum.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin 2.—6. málsgrein í 8. gr. í tilsk. 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík, 7. gr., nema 1. málsgrein, í lögum 8. október 1883 um bæjarstjórn á Akureyri, 7. gr., nema 1. málsgrein, í lögum s. d. um bæjarstjórn á Ísafirði, 8. gr., nema 1. málsgrein, í lögum 8. maí 1894 um bæjarstjórn á Seyðisfirði.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 20. október 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.